



Þroski 7 mánaða barns



Grófhreyfingar

Veltir sér af baki yfir á maga.

Getur togað sig upp til að sitja með því að halda í tvo fingur.

Situr óöruggt, gleitt, með stóran undirstöðuflöt, góður stuðningur fram.

Hoppar þegar það er látið standa.

Fínhreyfingar

Lemur kubbum og höndum í borð.

Seilist eftir hlut með annarri hendinni og heldur honum þó það seilist eftir öðrum með hinni.

Málþroski

Ba-ba, da-da, ga-ga.

Samskipti og leikur

Brosir og hjalar við sjálfu sér í spegli.

Klappar á spegilmynd sína.

Apar eftir einfaldar hreyfingar og hljóð.

Hrætt við ókunnuga.

Réttir arma á móti sínu fólki til að láta taka sig.

Bíður spennt eftir endurtekningu á skemmtilegum „leik“.

Sjálfs hjálp

Klemmir saman varirnar ef því mislíkar fæða.

Nartar sjálft í kexköku.

Setur allt í munninn sem það handfjatlar.